

Stefnuyfirlýsing Æskulýðsvettvangins

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) telur mjög mikilvægt að öllum líði vel í leik og starfi innan ÆV og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur. ÆV leggur áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum þar sem hver og einn sé ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum. Starfsfólk og sjálfboðaliðar eiga þannig að gæta vandvirkni og samvirkusemi og koma fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir. ÆV leggur einnig ríka áherslu á að starfsfólk og sjálfboðaliðar séu fyrirmyndir þátttakenda og sýni góða hegðun og gott fordæmi, jafnt í starfi sem utan þess. Jafnframt telur ÆV mikilvægt að stuðlað sé að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi með börnum og unglingum.



Sigtún 42
105 Reykjavík
Sími: 568 – 2929

www.aeskulydsvettvangurinn.is



Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum



Flest börn búa við öruggt og friðsælt umhverfi heima, í skóla, leik- og frístundastarfi. En því miður á þetta ekki við um öll börn; sum eiga undir högg að sækja, eru beitt ofbeldi – líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu – eða eru vanrækt á einhvern hátt. Það er mikilvægt fyrir alla þá sem starfa með börnum og unglungum að vera meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð, geta lesið í vísbendingar um að vanræksla eða ofbeldi eigi sér stað og vita hvernig bregðast á við ef slík mál skjóta upp kollinum.

Námskeiðið *Verndum þau* er byggt á efni bókarinnar og fjallar um hvernig bregðast eigi við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og unglungum. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem starfa með börnum og unglungum hjá sveitarfélögum, íþróttafélögum, æskulýðsfélögum og öðrum þeim sem áhuga hafa.

Höfundar bókarinnar, Ólöf Ásta Farestveit uppeldis- og afbrotufræðingur og Þorbjörg Sveinsdóttir MSc í sálfræði, sjá um kennslu á námskeiðinu. Báðar starfa þær í Barnahúsi og hafa mikla reynslu af barnaverndarmálum.



Öll börn eiga rétt á að vera glöð.

Á námskeiðinu er farið yfir:

- ✚ Tilkynningaskyldu starfsmanna sem vinna með börnum og unglungum.
- ✚ Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi og vanrækslu hvers konar. Frætt er um hverja tegund ofbeldis fyrir sig, tíðni ofbeldis og hverjir séu líklegastir gerendur samkvæmt rannsóknum.
- ✚ Hvernig skuli taka á móti ofbeldisfrásögn. Slíkt er jafn mikilvægt og að kunna fyrstu hjálp, ef slys ber að höndum.
- ✚ Reglur í samskiptum við börn og ungmenni. Ein mikilvægasta reglan er að forðast aðstæður þar sem starfsmaður er einn með barni eða ungmenni.
- ✚ Ýmis atriði sem vinnuveitendur þurfa að hafa í huga, eins og vandað ráðningarferli, að fá leyfi til að afla upplýsinga úr sakaskrá, og að kynna reglur og verkferla fyrir starfsfólki til þess að tryggja gæði starfsins.
- ✚ Úrræði sem í boði eru í samfélaginu fyrir börn og unglunga sem eru þolendur ofbeldis

Nánari upplýsingar:

Allar nánari upplýsingar um námskeiðið er hægt að nálgast hjá Ragnheiði Sigurðardóttur verkefnastjóra Æskulýðsvettvangsins.

ragnheidur@aeskulydsvettvangurinn.is

Sími: 568 - 2929

